



142. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,
haldinn þann 23.09.2020 kl.16.30 í fjarfundarþúnaði vegna Covid 19 aðstæðna.

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Gils Einarsson, Magdalena Jónsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Laufey Ósk Magnúsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Niðurstaða SAMhópsins.

- a. Framkvæmdastjóri kynnir stöðuna, sem mun skýrast enn betur þegar líða tekur á haustið.

2. Verkefnastaða á Covid hausti

- a. Verkefnin eru næg framundan en eru vissulega háð ástandi samfélagsins í tengslum við Covid.

3. Starfsmannamál

- a. Framkvæmdastjóra falið að bregðast við greinilegum breytingum í starfsmannahaldi.

4. Mennta- og menningarráðuneytið, ný reikniregla úthlutunar og viðbótarframlagið

- a. Samningi Fræðslunetsins við Mennta- og menningarráðuneytið frá 2018 er framlengt um eitt ár. Vonir eru um að hægt verði að gera nýjan samning við MMR til 4-5 ára samkvæmt nýjum úthlutunarreglum á næsta ári.
- b. Ný úthlutunarregla verður vonandi tilbúin í október og þá verður greiðsla viðbótarframlags frá Mennta- og menningarráðuneytinu fyrir 2020 ljós og greidd út.
- c. Viðbótarframlag er áfram inni í fjármálatillögum þingsins fyrir árið 2021.

5. Önnur mál

- a. Fréttir af starfinu – minnisblað framkvæmdastjóra
- b. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu og þróun stjórnarlauna.

Fundi slitið kl. : 18.05

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir